

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 24. mars 2022
UST202203-259/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Sumarhúsalóðin Suða í Selvogi – Sveitarfélagið Ölfuss

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins Ölfuss er barst 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir sumarbústaðalóðina Suðu í Selvogi.

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að byggja allt að 150 m² sumarhús á lóðinni sem er 8839,3 m². Fyrir er 100 m² gestahús.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að lóðin er að mestu uppgróið hraun. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er lyngmóavist¹ ríkjandi á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vefsjá NÍ² fellur hraunið á svæðinu undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufræðibæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana og bendir stofnunin á þann möguleika að afmarka byggingarreiti með tilliti til þeirra.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

¹ <http://www.ni.is/greinar/lynghraunavist>

² <https://serstokvernd.ni.is/>